



**Skýrsla stjórnar**

**PGA á Íslandi**

**Fyrir starfsárið 2015**



### **Stjórn PGA á tímabilinu var skipuðu eftirfarandi meðlimum:**

Hlynur Geir Hjartarson	Formaður
Davíð Gunnlaugsson	Ritari
Andrea Ásgrímsdóttir	Fræðslumál
Ingi Rúnar Gíslason	Mótamál
Helgi Anton Eiríksson	Meðstjórnandi

### **Varamenn í stjórn:**

Birgir Leifur Hafþórsson  
Hulda Birna Baldursdóttir

Stjórnarfundir voru 9 talsins og að auki voru samfélagsmiðlar og tölvupóstar notaðir töluvert í samskiptum.

Félagafjöldi í PGA voru 76 í upphafi árs. Af þessum félögum eru 59 útskrifaðir golfkennarar, 9 atvinnukylfingar, 2 nemar og 6 meðlimir með aukaaðild.

Agnar Már Jónsson starfaði sem framkvæmdastjóri PGA eins og síðastliðin ár. Hann sá um daglegan rekstur PGA og aðstoðaði við rekstur PGA skólans. Agnar hefur staðið sig gríðarlega vel í starfi sínu fyrir PGA, er mikils metinn meðal PGA aðildalanda í Evrópu og hefur meðal annars unnið ötullega við að efla Norrænt PGA samstarf. Við viljum þakka Agnari fyrir hans starf á árinu.

### **Það helsta í starfi PGA á árinu:**

#### **Samstarf PGA og GSÍ**

Samstarf PGA og GSÍ hefur verið gott síðustu árin og er það von stjórnar PGA að gera ennþá betur í því samstarfi næstu árin. Golfsambandið styrkir PGA á hverju ári sem samsvarar launum framkvæmdastjóra og viljum við færa þeim þakki fyrir það. Golfsambandið leitaði til PGA við uppsetningu mótaraða og stefnumótun sambandsins og erum við þakklát fyrir að fá tækifæri til að koma að þeim málum.

#### **PGA golfkennaraskólinn**

PGA golfkennaraskólinn útskrifaði 11 nemendur í vor sem kláruðu skólann með glæsilegri útskriftarferð til Costa Ballena. Að sögn kennara, nemenda og farþega í ferðinni tókst sú ferð með eindæmum vel. Stjórn óskar nemendum innilega til hamingju með útskriftina.

#### **Ársþing PGA 2015**

Ársþing PGA í Evrópu var haldið í Tyrklandi í byrjun desember samhliða Evrópumóti golfkennara (ITC). Agnar sótti þingið fyrir hönd PGA á Íslandi og þótti það standa vel undir væntingum að þessu sinni. Mikilvægt er fyrir PGA á Íslandi að eiga fulltrúa á þinginu því þarna er bæði fjallað um það nýjasta sem er að gerast í golfheiminum, auk þess er mikilvægt að PGA á Íslandi viðhaldi öfluggu tengslaneti innan hreyfingarinnar. Með þeim hætti getum við sótt þekkingu hingað heim sem og tryggt það að skólinn okkar verði ávallt í hæsta gæðaflokki skóla í Evrópu. Á svona fundum fæðast jafnframt hugmyndir eins og t.d. innleiðing á PGA Jr. Golf League á Íslandi.

## Endurmenntun:

### PGA of Denmark 2015, Teaching Summit

12 PGA meðlimir heimsóttu félag okkar í PGA í Danmörku og sátu þar þriggja daga fyrirlestra sem voru hreint út sagt frábærir. Meðal fyrirlesara voru Andrew Rice, Brian Hemmings og Jonathan Wallet en það voru þeir fyrirlesarar sem þóttu sérstaklega góðir. Einn dagurinn fór í að heimsækja Trugolf og þar kenndi Niklas Bergdahl okkur allt um Trackman sem var mjög fræðandi og skemmtilegt. Þessi ferð heppnaðist mjög vel og almenn ánægja var með menntunargildi hennar. Í svona ferð skapast einnig tengingar milli fólks og fara áhugaverðar umræður fram á kvöldin sem má að sjálfsögðu ekki vanmeta og er mikilvægt fyrir félagið okkar. Virkilega flott ferð og er stefnan að fara í sams konar ferð í byrjun mars.

### Haustþing PGA

Haustþing PGA var haldið á Selfossi helgina 11-13. september. Þingið byrjaði á föstudeginum á frábærum fyrirlestri hjá Svíanum Niklas Bergdahl, Trackman sérfræðingi. Fyrirlesturinn var virkilega flottur og lærðu félagsmenn heilmikið nýtt ásamt því að vera góð upprifjun frá fyrirlestrunum í Danmörku fyrr á árinu. Seinnipartinn spiluðu þátttakendur golf á Svarfhólsvelli á Selfossi með fyrirkomulaginu „betri bolti“ og áttu góðan golfdag í frábæru veðri.

Laugardagurinn var tekinn snemma og við tók magnaður fyrirlestur hjá félagsmanni okkar, Nökkva Gunnarssyni sem kenndi okkur hvernig hann notar og kennir Aimpoint. Eftir hádegið var svo spilað golf í Hveragerði.

Um kvöldið borðaði hópurinn saman kvöldverð á Riverside á Hótel Selfossi þar sem fram fór verðlaunaafhending og sumarið gert upp.

Vill stjórn PGA koma sérstökum þökkum til formannsins sem sá um alla skipulagningu á haustþinginu, Golfklúbba Selfoss og Hveragerðis fyrir afnot af völlum og GKG fyrir lán á TrackMan golfhermi.

## Annað

Að auki voru í boði fyrir félagsmenn ýmis konar hádegis- og örfyrirlestrar á vegum ýmissa aðila á tímabilinu. Það er von okkar að félagsmenn sjái mikilvægið í endurmenntun og sækji sér reglulega þekkingu og haldi sér þannig við.

## Mótamál

### Samsung mótaröðin

Mótin fóru fram með svipuðu sniði og áður undir dyggri stjórn Inga Rúnars og Davíðs Gunnlaugs. Haldin voru fjögur mót á þessu ári og gáfu þau stig til stigalista PGA á Íslandi. Við þökkum Samsung vel fyrir þeirra styrk og samstarf.

### PGA meistarinn

PGA meistarinn var sá PGA meðlimur sem spilaði best á Íslandsmótinu í högggleik, en PGA meistarinn og einnig Íslandsmeistari 2015 varð Þórður Rafn Gissurðarson, óskum við honum innilega til hamingju með þessa flottu titla.

Fimm efstu kylfingarnir á stigalista mótaráðarinnar voru eftirtaldir:

Sæti	Nafn	Stig
1	Hlynur Geir Hjartarson	4162.5
2	Þórður Rafn Gissurarson	3858.75
3	Nökkvi Gunnarsson	3420
4	Davíð Gunnlaugsson	3030
5	Ólafur Hreinn Jóhannesson	2760

Mótin fóru fram í GKG, GR, GO og GM og færur við þeim klúbbum kærar þakkir fyrir afnotin af völlum.

### ITC

Þeir þátttakendur sem lentu í þrem efstu sætunum á stigalistanum unnu sér inn rétt til að spila með liði PGA á Íslandi í Evrópumóti golfkennara, ITC sem haldið var í Tyrklandi. Þeir sem fóru á mótið í þetta skiptið voru Hlynur Geir Hjartarson, Nökkvi Gunnarsson og Davíð Gunnlaugsson. Þetta er mjög sterkt mót og stóðu þeir sig með þryði og höfnuðu í 19. sæti. Frakkar unnu mótið eftir bráðabana við Skota. Það er mat formanns að það sé gríðarlega mikilvægt að PGA á Íslandi sendi lið til keppni í þetta mót á hverju ári. Með þeim hætti sýnum við i verki að PGA á Íslandi er virkur þátttakandi í samstarfi Evrópuþjóða um eflingu golfíþróttarinnar auk þess sem mikilvægt er fyrir okkur að hafa metnaðarfullt prógramm fyrir þá Íslensku golfkennara sem vilja halda sér í góðu spilaformi.

### PRO-AM

PGA á Íslandi hélt hið árlega Pro-Am mót í samstarfi við GKG en mótið er einnig hluti af mótariðinni okkar. Mótið fór fram 5. júní og heppnaðist í alla staði vel. Við fengum 18 lið til að taka þátt en það er sami fjöldi og árið áður. Þetta mót er orðið fastur liður í starfsemi PGA á Íslandi og einn stærsti tekjupóstur félagsins. Framkvæmdastjóri PGA á Íslandi, Agnar Már Jónsson, á skilið mikið lof fyrir vinnu sína og natni í kringum mótið.

Einnig ber að þakka þeim félagsmönnum sem komu og gerðu daginn skemmtilegan og lærdómsríkann fyrir áhugamennina.

### **Stelpugolf**

Þann 25. maí var Stelpugolf haldið í annað skiptið í GKG en árið 2014 var viðburðurinn lokaverkefni nemenda í golfkennaraskólanum. Hann tókst svo vel að ákveðið var að sömu aðilar, Hulda Birna, Helgi Anton og Davíð Gunnlaugs tækju að sér skipulagningu sama viðburðar 2015 fyrir PGA á Íslandi. Markmið dagsins var að kynna golfið fyrir kvenþjóðinni þó að allir hafi auðvitað verið velkomnir og dagskráin miðaðist við að skapa jákvæða upplifun fyrir alla fjölskylduna. Allir sem vildu fengu kennslu og gátu tekið þátt í léttum leikjum - mæður, dætur, fedur og synir. 9 kennarar tóku þátt í deginum auk Úlfars, Birgis Leifs og afrekskyllfinga GKG og fjöldi fólks á svæðinu var u.þ.b. 800 sem er vel af sér vikið.

Það er mat okkar að þessi dagur sé góð auglýsing fyrir golfíþróttina og félagið okkar og vonandi að þetta geti orðið árlegur viðburður. Til þess þarf áframhaldandi þátttöku kennara og styrktaraðila en styrktaraðilar 2015 voru sex talsins: *Icelandair Cargo*, *Íslandsbanki*, *Eimskip*, *ZO-ON*, *GKG* og *PGA á Íslandi* og þökkum við þeim fyrir þeirra góða stuðning.

### **Greinar í Golf á Íslandi**

Frá árinu 2010 hefur PGA á Íslandi staðið fyrir greinaskrifum í *Golf Á Íslandi*. Þetta samstarf hefur gengið vel og var PGA með greinar um golf og golfkennslu í öllum blöðum á árinu 2015. Þessi skrif eru mikilvægur liður í því að halda félaginu okkar á lofti, kynna félagsmenn, merkið okkar og fyrir hvað við stöndum og því vil ég koma fram þökkum til greinaskrifara fyrir þeirra framlag.

### **Að lokum**

Árið 2015 var virkilega flott ár hjá PGA, gaman var að fylgjast með flottum golfkennurum útskrifast og hvet ég þau til að mæta á viðburði og endurmenntun hjá PGA og viðhalda þannig þekkingu sinni. Spilamennska hjá félagsmönnum PGA var mögnuð á árinu en hæst ber að nefna árangur Ólafíu en hún tryggði sér þátttökurétt á Evrópumótaröðinni með glæsilegum

árangri á lokastigi úrtökumótaraðarinnar. Árangur Valdísar Þóru og Birgis Leifs var einnig frábær en þau voru einungis hársbreidd frá því að klára lokastigið. Frábær spilamennska Þórðar Rafns á Íslandsmótinu var virkilega frábær. Ég óska þeim öllum innilega til hamingju. Framundan eru nokkrar breytingar hjá félaginu. Ingi Rúnar hefur ákveðið að segja skilið við stjórnina eftir sex ára stjórnarsetu og vil ég þakka honum kærlega fyrir samstarfið og hans framlag til félagsins. Úlfar Jónsson og Magnús Birgisson hafa ákveðið að hætta í stjórn PGA skólans en þeir hafa borið hitann og þungann af skólastarfinu undanfarin ár og ber að þakka þeim sérstaklega fyrir það og þau góðu störf sem þeir hafa innt af hendi. Arnar Már hefur að sama skapi verið einn af máttarstólpum skólans og hefur hann einnig ákveðið að segja skilið við skólann. Hann mun þó aðstoða eftirmenn sína við að endurskipuleggja skólann með hliðsjón af evrópskum reglugerðum.

Haustþingið gekk með eindæmum vel og vonandi að þátttaka félagsmanna verði eins góð og á árinu 2015 svo að þessi viðburður nái fótfestu og verði árlegur hjá PGA.

PGA á Íslandi er félag sem á að hugsa stórt, ég hvet ykkur til að sýna samstöðu því félag er ekkert annað en félagsmennirnir sjálfir. Ef okkur tekst vel til að standa vörð um hagsmuni okkar, tala vel um félagið og hvort annað - þá mun PGA á Íslandi án efa blómstra í framtíðinni.

Með golfkveðju  
*Hlynur Geir Hjartarson,*  
*formaður PGA á Íslandi*